



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Björn Bjarki Þorsteinsson  
Stekkjarhvammi 5  
370 Búðardalur

Reykjavík 3. nóvember 2023  
Tilv.: UMH23110005/2.3.0

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með sveitarstjórn Dalabyggðar þann 24. október sl. var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál svæðisins. Á fundinum kom fram það sjónarmið heimafólks að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu, sem áfangastað ferðamanna með stofnun þjóðgarðs á svæðinu og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi samhliða grænni orkuöflun á svæðinu og óskað var eftir stuðningi ráðherra við að styrkja svæðið.

Í ljósi framangreindar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að setja á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála í Dalbyggð, sem heyra undir málefnavið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, flutningskerfi raforku, þjóðgarði á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbryggingu á svæðinu.

Ert þú hér með skipaður í starfshópinn sem er þannig skipaður:

Sigurður Rúnar Friðjónsson, formaður,  
Halla Steinólfssdóttir, bóndi,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Með hópnum mun starfa Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 15. mars 2024.

Formaður ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um virkan starfstíma nefndarinnar, þ.e. fjölda funda og lengd þeirra og skila til ráðuneytisins. Jafnframt ber hann ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað rafrænt til ráðuneytisins, ásamt öðrum gögnum.

Starfshópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins og er þess óskað að starfshópurinn vinni verkefnisáætlun í upphafi starfs og noti sniðmát sem ráðuneytið leggur til. Óskað er eftir að verkefnisáætlun starfshópsins verði lögð fyrir ráðuneytið til samþykktar.

Greiðsla fyrir störf í starfshópnum fer samkvæmt ákvörðun þóknananefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



Guðlaugur Þór Þórðarson



Stefán Guðmundsson